

REGLUGERÐ

um hættumat vegna snjóflóða.

1. gr.

Hættumat skal fara fram í sveitarfélögum þar sem snjóflóð hafa fallið á byggð, nærri byggð eða hætta er talin á slíku.

Hættumatið skal ná til svæða sem skipulögð eru eða skipuleggja á fyrir byggð, mannvirki eða umferð og útivist fólks á vetrartíma.

2. gr.

Niðurstöður hættumats skulu lagðar fram í greinargerð þar sem fram koma reiknislegar og sögulegar forsendur og önnur þau gögn, sem matið byggist á. Hættusvæði skal afmarka á kort í mælikvarða 1:5000 og aðalskipulagsupprátt viðkomandi byggðar.

3. gr.

Ákvörðun um að hættumat skuli fara fram, skal tekin með hliðsjón af eftirfarandi lámarksgögnum, sem safnað er um viðkomandi svæði:

1. Gera skal kort eftir landmælingum eða loftmyndum í mælikvarðanum 1:5000, sem nái yfir svæði sem tilgreind eru í 1. gr. og sýni landslag upp á efstu fjallsbrúnir og inn á aðliggjandi snjósöfnunarsvæði.
2. Safna skal gögnum um snjóflóð á viðkomandi svæði og í námunda við það með því að kanna ritaðar heimildir, með viðtölum við heimamenn og með því að leita eftir merkjum um snjóflóð í landinu. Skrá skal sem nákvæmasta staðsetningu snjóflóða, tíma, upptök, fallbraut, tungu, skriðlengd, tegund, tíðni, snjóalög og hugsanlega snjódypt í upptökum, úrkomu og vindáttir þegar og áður en snjóflóð hafa fallið og annað það sem talið er skipta máli.
3. Kanna skal á vettvangi framburð flóða, sár í jarðvegi og gróðri og ljósmynda skal snjóflóðafarvegi.

Niðurstöður af ofangreindum gögnum skulu dregnar á kort í mælikvarðanum 1:5000, þar sem fram komi þekktir eða líklegir snjóflóðafarvegir, líklegust mörk þeirra og skriðlengd.

Gögn þessi skulu vera grundvöllur að hættumati.

4. gr.

Hættumat vegna snjóflóða skal að hluta til fara þannig fram að reiknuð er skriðlengd og breidd snjóflóða úr fjallshlíð ofan byggðar og skipulagðra svæða og mörk þeirra dregin sem hættusvæði á kort í mælikvarðanum 1:5000. Við útreikningana skal nota formúluna:

$a = g \sin \alpha - \mu g \cos \alpha - g v^2 / h \xi$ þar sem:

a = hröðun m/sek².

g = þyngdarhröðunin 9,81 m/sek².

α = landhalli í gráðum

v = hraði frambrúnar snjóflóðsins, m/sek.

μ = viðnámsstuðull, sem breytist þannig að $\mu = 0,5$ er fyrir minni hraða en 10 m/sek.,

$\mu = 5/v$ fyrir hraða milli 10 og 50 m/sek., og $\mu = 0$ fyrir hraða yfir 50 m/sek.

Auk þess má μ ekki hækka upp fyrir mesta gildi ($\mu_{\max}$) þegar hraðinn minnkar eða upp fyrir útreiknað minnsta gildi ($\mu_{\min}$) ef það er stærra en $\mu_{\max}$.

h = hæð frambrúnar snjóflóðsins, en hún breytist með tímanum t , samkvæmt „diffurjöfnunni“ $\delta h / \delta t = ((1-n)/n) a h / v^2 (\delta b / \delta x) h v / b - \gamma v$ þar sem $\delta b / \delta x$ = breyting á breidd farvegs b með vegalengd x í skriðstefnu. Að öðru leyti eru n , ξ og γ fastar, sem notast á eftirfarandi hátt:

Til útreiknings á þekktum farvegum, þar sem snjósöfnun er mikil og þurr snjóflóð ná miklum hraða skal nota fastana $n = 0,9$, $\xi = 1400 \text{ m/sek}^2$. og $\mu_{\max} = 0,2$.

Pegar reiknuð eru snjóflóð í opnum farvegum og mest hætta er af rennsli jafnfallins snævar, verða fastarnir $n = 1,2$, $\xi = 1400 \text{ m/sek}^2$. og $\mu_{\max} = 0,25$.

Fastinn γ skal hafa tölugildið 0, nema unnt sé að sýna fram á að snjóflóðið muni fara yfir auða og úfna jörð þannig að ójöfnur landsins hafi áhrif á rennsli flóðsins. Er tölugildi fastans γ þá ákveðið í samráði við Almannavarnir ríkisins.

5. gr.

Við útreikning á breidd, skriðlengd og hraða snjóflóða samkvæmt 4. gr. skal nota eftirfarandi grunnildi fyrir snjódýpt á upptakasvæði snjóflóða:

Fyrir opin svæði þar sem ekki er hætta á sérstakri snjósöfnun vegna skafrennings skal reikna með 1 m snjódýpt.

Á svæðum þar sem snjór safnast saman vegna skafrennings, svo sem í giljum og hlíðum, þar sem skjól er í snjókomuátt, skal reikna með 2 m snjódýpt.

Að öðru leyti skal reikna með snjódýpt samkvæmt athugunum og aðstæðum á hverjum stað.

Þar sem til eru mælingar á skriðlengd snjóflóða, má áætla snjódýpt á upptökum þeirra á eftirfarandi hátt:

- Áætla skal ýmis gildi fyrir snjódýpt á upptakasvæði.
- Reikna skal skriðlengdir með áætlunum snjódýptum og gefnum föstum.
- Velja skal snjódýpt, þannig að reiknuð skriðlengd verði sem næst mestu þekktri skriðlengd, eða þeirri mestu skriðlengd sem talið er líklegt að geti orðið á 50 ára fresti.
- Þannig fundna snjódýpt skal nota í grennd við hinn þekkta farveg til þess að reikna skriðlengd í mögulegum snjóflóðafarvegum.

Þessa aðferð skal þó ekki taka fram yfir snjósmælingar, þar sem þær eru til.

6. gr.

Fyrir hvert það mannvirki, sem er, eða byggja á, innan hættusvæðis, sbr. 1. mgr. 4. gr., skal meta áraun þannig, að reiknaður er hámarksþrýstingur þvert á stefnu flóðsins, á þann flöt mannvirkisins, sem næst stendur upptökum þess.

Við útreikning á hámarksþrýstingi skal nota formúluna $P = P v^2 \text{ N/m}^2$, þar sem:

p = eðlismassi snævarins kg/m^3 og v = hraði í m/sek .

Nota skal eðlismassann 300 kg/m^3 .

7. gr.

Innan hættusvæða, sbr. 4. gr., má ekki reisa mannvirki sem draga að sér umferð fjölmennis á vetrartíma, vegna skóla-, samkomuhalds eða íþróttaiðkana. Til að heimilt verði að byggja önnur mannvirki innan hættusvæða, samkvæmt reglum þessum, verður að sýna fram á að þau standist reiknaða áraun snjóflóða sbr. 6. gr.

Nú kemur í ljós að byggð er innan hættusvæðis og skal þá sveitarstjórn ákveða hvort breyta skuli mörkum hættusvæðis með gerð varnarvirkja sbr. 8. gr., eða kaupa upp fasteignir innan þess.

8. gr.

Breyta má mörkum hættusvæða með gerð varnarvirkja sem hægja á snjóflóðum og stytta þannig skriðlengd þeirra, eða breyta stefnu fallbrautar. Einnig má breyta mörkum hættusvæða með byggingu varnarvirkja, sem eru nægilega öflug til að varna að skrið hefjist á upptakasvæði flóðs. Hins vegar má ekki breyta mörkum hættusvæða með varnarvirkjum sem eru gerð til að breyta væntanlegri snjósöfnun á upptakasvæðum snjóflóða.

Sveitarstjórn lætur gera tillögur að varnarmarkum og leggur þær fyrir Almannavarnir ríkisins til staðfestingar. Staðfestingu Almannavarna ríkisins skal fylgja álitserð ofanflóðanefndar um varnarmark. Með tillögum að varnarmarkum skulu fylgja fullnægjandi teikningar og upprættir sem sýni tegund, stærð, lögun, hönnun, efni, staðsetningu og undirstöður varnarmarkja. Auk þess skulu fylgja upprættir í mælikvarðanum 1:5000, sem sýni þær breytingar á hættusvæði sem varnarmarkin valda og nauðsynlegir útreikningar til rökstuðnings þeim.

9. gr.

Reglugerð þessa skal endurskoða eigi síðar en tveim árum eftir gildistöku hennar.

10. gr.

Rísi ágreiningur út af ákvæðum reglugerðar þessarar sker félagsmálaráðherra úr, að fenginni umsögn Almannavarna ríkisins og viðkomandi sveitarstjórnar.

11. gr.

Reglugerð þessi um hættumat vegna snjóflóða er sett samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga nr. 28 4. júní 1985, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. júní 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Sauðárkróks.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Sauðárkróks selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks og Skarðshrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfesta 5. maí 1971 um hitaveitu og hitalagnir á Sauðárkróki.

2. gr.

Hitaveita Sauðárkróks lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert.